

**Nr. 19-025 S 018 Þinganes ÁR 25*****Skipverji féll milli skips og bryggju***

*Skipaskr.nr.*: 2040  
*IMO*: 8812033  
*Smíðaður*: Portúgal 1991, stál  
*Útgerð*: Skinney-Þinganes hf.  
*Stærð*: 161,6 brl. 262 bt.  
*Mesta lengd*: 25,96 m *Skráð lengd*: 25,14 m  
*Breidd*: 7,9 m *Dýpt*: 6,2 m  
*Vél*: Deutz 735 kW, 1991  
*Fjöldi skipverja*: 10



Þinganes © NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. september 2017 var Þinganes ÁR 25 við bryggju í Reykjavík. Veður: NA 2 -3 m/s.

Skipverji var að fara frá borði og var í stiga út á stiga á síðu skipsins þegar hann rann til með þeim afleiðingum að hann féll í sjóinn. Hann komst án aðstoðar upp bryggjustiga.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var nýkominn yfir lunninguna og var með annan fótinn í stiganum þegar hann féll. Hann hafði haldið sér í stigann með vinstri hendi og var með tösku í hægri hendi;
- að við fallið lenti hann á dekkjastæðu og kvaðst hafa farið úr axlarlið á hægri handlegg við það. Hún hefði svo farið aftur í lið þegar hann lenti í sjónum. Hann kvaðst einnig hafa fengið högg á rófubeinið þegar hann lenti á fenderlista utan á skipinu og skaddað þar taug;
- að fram kom að ekki var venja að setja upp landgang í höfnum.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til þess að ekki var notaður landgangur til að tryggja öryggi.